Ed. **9. Breytingartillögur** [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jón Kjartanssyni.

Framan við 1. gr. bætist:

1. Á eftir A. 59 komi nýr liður:
   Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Pétursey, með byggðinni sunnan Péturseyjar á Suðurlandsveg vestan við eyna.
2. Á eftir A. 65 komi nýr liður:
   Meðallandsvegur syðri: Af Meðallandsvegi austan við Efri-Ey um Bakkakot, Sandhól, Háu-Kotey, Lágu-Kotey, Nýjabæ, Rofabæ, Strönd á Meðallandsveg ofan Strandar.
3. A. 66 orðist svo:
   Holtsvegur á Síðu: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú vestri að Holti, inn Holtsdal, um Skaftárdal að Búlandi í Skaftártungu.